

Kópavogsbær
Smári Smáráson,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. nóvember 2008
Tilvísun: UST20080800009/ksj

Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024. Tillaga um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 fyrir Kópavog vestur og umhverfisskýrsla.

Kópavogur tillaga að breyttu aðalskipulagi Kársnes. Hafnarsvæði - endurbótasvæði og umhverfisskýrsla

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 5. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breyttu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 og tillögu að breyttu aðalskipulagi Kópavogs 2000 – 2012. Tillögunum fylgja umhverfisskýrslur.

Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 fyrir Kópavog vestur

Tillaga að breyttu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir nýrri 13 ha fyllingu kringum núverandi hafnarsvæði. Auk þess nær skipulagssvæðið yfir 8 ha endurbótasvæði og núverandi hafnarsvæði skv. Aðalskipulagi 2000 -2012. Alls er svæðið um 40 ha. Ef af áætlaðri breytingu verður mun íbúðum fjölga um 800 og atvinnuhúsnæði í Kópavogi vestur mun minnka um 10.000 m².

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillögurnar og umhverfisskýrslur.

Greinargerð með tillögu að breyttu svæðisskipulagi 2002 – 2024.

Fram kemur í greinargerð að í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs er landfylling vestast á Kársnesi sem láðst hafi að færa inn á gildandi Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins, en að sú breyting sem hér er lögð fram taki mið af gildandi Aðalskipulagi Kópavogs. Að mati Umhverfisstofnunar ætti stærð þessarar fyllingar að koma fram bæði í texta og á uppdrætti, og að gera eigi grein fyrir hve stór hluti af uppfyllingu sem bætist við á svæðisskipulagi sé

uppfylling er láðist að setja inn á svæðisskipulag við síðustu breytingu.

Í greinargerð kemur fram að eitt af markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að: „*stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærni umhverfi eins og kostur er*“. Einnig kemur fram að fyrirhuguð uppbygging og ný landnotkun á vesturhluta Kársness sé í samræmi við það markmið. Umhverfisstofnun bendir á að umfang væntanlegra framkvæmda sé það mikið að erfitt sé að meta sjálfbærni skipulagsins fyrir en á seinni stigum þegar frekari upplýsingar liggi fyrir.

Umhverfisstofnun fellst ekki á að ofangreind skipulagsbreyting: „*hafi ekki í för með sér veruleg umhverfisáhrif og kallar því ekki á vöktun áhrifa sbr. 6 gr. laga um umhverfismat áætlana.*“ Umhverfisstofnun telur þvert á móti að uppfyllingar þær er skipulagsbreytingin felur í sér sé af þeirri stærð að gera ætti grein fyrir í greinargerð skipulagsáætlunarinnar hvernig haga eigi vöktun á umhverfisáhrifum á lífríki Fossvogs, komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda sbr. lið i 6 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Kársnes – Vesturhluti. Breyting á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024

Umhverfisskýrsla

Í umfjöllun um aðrar áætlanir sem litið er til við gerð umhverfisskýrslu sem fylgir breyttu svæðisskipulagi kemur fram að strandlengja Kársness er hluti af svæði sem kallast Álftanes – Skerjafjörður og hefur þegar verið ákveðið að vinna að friðlýsingu þess svæðis samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Þar kemur fram að talin er ástæða til þess að friða svæðið sem búsvæði með sérstakri áherslu á farfugla og vaðfugla. Skerjafjörður er í heild sinni á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði hjá Alþjóðlegu fuglaverndarsamtökunum og er framangreind skipulagstillaga er inni á því svæði. Svo umfangsmikil fylling sem áætluð er í tillögunni gæti haft mikil áhrif á þau búsvæði sem vert þykir að vinna að friðun á. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að svæðið verði rannsakað með tilliti til áhrifa á búsvæði fugla.

Þrátt fyrir að engar niðurstöður um gerð sjávarbotns og lífríkis fylgi tillögunni er fullyrt í töflu yfir samiburði valkosta að áhrif á land, sjávarbotn og lífríki verði engin, en samt sagt að áhrifin skuli könnuð á seinni stigum. Umhverfisstofnun telur að við slíkar aðstæður sé samiburður valkosta óviss.

Í umfjöllun um áhrif valkosta á lífríki kemur fram að fuglalíf í Skerjafirði sé ríkulegt. Síðan kemur fram „*Ekki liggja fyrir beinar athuganir á fyrirhuguðu skipulagssvæði en miðað við upplýsingar í athugunum sem gerðar hafa verið í Fossvogi og Arnarnesvogi má ætla að fuglalíf beinist aðallega að fæðusvæðunum fyrir botni voganna, fjörum og sjávarfleti í nágrenni þeirra.*“ Síðan segir: „*Þó ríkir ákveðin óvissa hvort áhrif geti orðið á vistkerfi fyrir botni Fossvogs, skerðist streymi sjávar að einhverju leyti.*“ Fram kemur í skýrslunni að slíkt þyrfti að skoða á síðari stigum. Umhverfisstofnun telur að í umhverfisskýrslu áætlunarinnar ættu að vera upplýsingar um hvernig haga skuli vöktun á umhverfisáhrifum á lífríki Fossvogar í tengslum við framkvæmd hennar sbr. 6 gr. i mgr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Kópavogur Kársnes. Hafnarsvæði - endurbótasvæði breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2000 – 2012 Umhverfisskýrsla

Samræmi við núgildandi aðalskipulag og aðrar áætlanir

Verndun

Í ofangreindri umhverfisskýrslu kemur fram að: „*Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar eru á svæði sem hvorki er á náttúruinjasrá né heyrir undir bæjarvernd.*“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að þótt norðurhluti Kársnessvæðisins sé ekki á náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004 er gert ráð fyrir friðlýsingu á fjörum og grunnsævi á svæðinu frá Álftanesi að Gróttu. Fyrirætlanir um landfyllingu á Kársnesi ganga gegn þessu.

Samgöngur

Fram kemur í umfjöllun um aukna umferð sem verður samfara ofangreindri tillögu að breyttu aðalskipulagi að: „*Fylgst verður með því að loftmengun sé innan viðmiðunarmarka.*“ Umhverfisstofnun telur að ekki sé nóg að fylgjast með aukinni loftmengun heldur þurfi að lýsa aðgerðaráætlun um viðbrögð ef mengun fer yfir viðmiðunarmörk.

Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008

Sjá framangreint.

Umhverfismat


Land/sjávarbotn, sjór/sjávarföll og vistkerfi


Í töflu yfir samanburð á kostum eru áhrif 13 ha fyllingar á land og sjávarbotn, vistkerfi og sjó og sjávarföll metin sem núll eða Ó, sem þýðir að áhrifin eru metin sem óveruleg eða óviss. Umhverfisstofnun telur að ofangreindar framkvæmdir séu þess eðlis að þær kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningaskyldar samkvæmt 2. viðauka gr. i. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Því telur Umhverfisstofnun að í töflu yfir samanburði á kostum þar sem áhrif ofangreindra áætlana eru metin ættu áhrifin að vera metin óviss.

Heilsa og öryggi

Vísað er í reglugerð um hávaða nr. 93/1999 en frá 7. júlí 2008 gildir ný reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Í nýju reglugerðinni eru mörk hávaða við húsvegg íbúðarhúsnæðis á íbúðarsvæðum vegna umferðar ökutækja 55 dB. Fram kemur í umhverfisskýrslu að aukning bílaumferðar verði kringum 5000 bílar á sólarhring. Síðan er talið að lækka megi umferðarhávaða um 6-7 dB með mótvægisaðgerðum í líki hraðalækkandi aðgerða og 2 m hárra skermveggja, en áætlaður hávaði frá umferð ökutækja um Kársnesbraut ef af framkvæmdum skipulagstillögu verður kemur ekki fram.

Virðingarfyllst


Ásgeir Björnsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Ráðgjafi

Skipulagsstofnun